

STARFSLEYFI

Advanced Marine Services Limited

6 Grosvenor Street, W1K 4PZ London England

(Fyrirsvar: LEX lögmannsstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík –
Bragi Dór Hafþórsson hdl.)

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Framkvæmdaraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Advanced Marine Services Limited vegna framkvæmdar við skipsflak á hafnsbotni. Fyrirsvar er hjá LEX lögmannsstofu, Borgartúni 26, 105 Reykjavík – Bragi Dór Hafþórsson hdl. Framsal leyfis er óheimilt.

1.2 Umfang framkvæmdar

Um er að ræða leit að verðmætum í flaki skipsins Minden, sem var þýskt gufuknúið fraktskip, sem sökk 24. júní 1939. Skipið liggar á 2240 metra dýpi á hafnsbotni í 120 sjómílna fjarlægð suðaustur af Íslandi (sjá afmörkun framkvæmdasvæðis í viðauka I). Notast verður við fjarstýrðan kafbát sem stýrt er frá skipi (leiguskipi framkvæmdaraðila). Talið er að byggingarhlutar skipsins séu aðallega úr stáli og við og að engin fljótandi olía sé um borð í skipinu.

Framkvæmdaraðila er heimilt að fara að skipsflaki um 120 sjómílur suðaustur af Íslandi og opna það (skera í/klippa) með tækjum eins og fram kemur í lýsingu í umsókn um starfsleyfi.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi framkvæmdaraðila í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.

Eftirlit getur falist m.a. í skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem framkvæmdaraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur m.a. farið fram vegna búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem framkvæmdaraðili hefur gert um úrbætur.

1.4 Breyting á framkvæmd

Framkvæmdaraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á framkvæmd með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.

1.5 Upphaf og lok framkvæmdar

Framkvæmdaraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun og Landhelgisgæslu Íslands um það hvenær framkvæmd hefst með viku fyrirvara og hvenær aðgerð er lokið. Eftir að aðgerð hefst hefur framkvæmdaraðili 72 klukkustundir til að ljúka framkvæmd. Ef frestuð eða tafir verða á boðaðri framkvæmd vegna ófyrirséðra aðstæðna svo sem vegna veðurs eða bilana sem leiða til þess að ekki sé hægt að ráðast í og klára

framkvæmdina, skal framkvæmdaraðili tilkynna Umhverfisstofnun og Landhelgisgæslu Íslands um þær tafir eða frestun, og hvenær aðgerð hefst að nýju. Getur þá Umhverfisstofnun veitt leyfi fyrir lengra tímabili framkvæmdarinnar með skriflegum hætti.

Skip framkvæmdaraðila skal vera skráð í ferilvöktun í stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands á meðan framkvæmd stendur.

Framkvæmd skal fara fram fyrir 1. maí 2018.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Umhverfisstofnun getur endurskoðað starfsleyfið ef forsendur framkvæmdar breytast:

- Ef framkvæmdaraðili breytir framkvæmd með þeim hætti að tilkynningaskylt er sbr. gr. 1.4.
- Ef öryggi við framkvæmd krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum framkvæmdar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á bestu fáanlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir framkvæmdina. Framkvæmdaraðila er þó ætið skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum.

1.7 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi framkvæmdararaðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laganna.

Sinni framkvæmdaraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests er eftirlitsaðila heimilt sbr. 1. mgr. 27. gr. laganna að ákveða framkvæmdaraðila dagsektir eða að láta vinna verk á hans kostnað.

Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 3. tl. 1.mgr. 26. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða ef framkvæmdaraðili virðir ekki fyrirmæli um úrbætur innan tiltekins frests, að stöðva eða takmarka starfsemi, eða að afturkalla starfsleyfið.

Telji Umhverfisstofnun að um alvarlega hættu sé að ræða og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað sbr. 29. gr. laganna.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði í XI. kafla í reglugerð nr. 785/1999 og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við VI. kafla í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður samkvæmt grein 1.3. og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir

Framkvæmdaraðili skal beita góðum starfsháttum við framkvæmdina. Í því felast aðgerðir til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi framkvæmdaraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum framkvæmdaraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

2.3 Verkstjórн

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Framkvæmdaraðila er skyld að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið.

2.4 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Framkvæmaraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Viðunandi viðbragðsáætlun skal fullnægja skilyrðum í lögum nr. 33/2004 og vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila.

2.5 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.4. Framkvæmdaraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað. Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

2.6 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnað tafarlausra aðgerða skal hafa samband við eftirlitsaðila og Landhelgisgæslu Íslands.

2.7 Tryggingar vegna bráðamengunar

Framkvæmdaraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

3. VARNIR GEVN MENGUN YTRA UMHVERFIS

ÚRGANGUR

3.1 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi. Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Spilliefnum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

Framkvæmdaraðili skal safna saman öllum lausu efni eða hlutum sem hann leysir frá skipsflakinu og taka það með sér um borð. Skal því efni komið á móttökustöð fyrir úrgang í landi eða eftir atvikum viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

3.2 Umgengni um mengandi efni

Framkvæmdaraðila er skyld að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

4. INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

4.1 Skráningar

Framkvæmdaraðili skal skrá upplýsingar um eftifarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

- magn og gerð þess sem tekið er úr flakinu
- magn og gerð efna sem notuð eru við framkvæmdina
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til við framkvæmdina,
- þjálfun og reynslu starfsfólks,
- staðsetningu,
- hreinsun á mengunarvarnabúnaði.

4.2 Skýrslur til eftirlitsaðila

Framkvæmdaraðili skal taka saman yfirlit og senda til eftirlitsaðila eftir framkvæmdina. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga.

5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 3. eftirlitsflokk sbr. reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Framkvæmdaraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

6. GILDISTAKA


Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 1. maí 2018, sbr. gr. 1.5 um upphaf og lok framkvæmdar.


Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfinu fylgir greinargerð, sjá fylgiskjal.

Reykjavík 11. október 2017

Umhverfisstofnun


Gunnlaug H. Einarsdóttir
staðgengill forstjóra


Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri

Viðauki I – Afmörkun framkvæmdasvæðis (hnit)

61°59'00.00"N 15°55'00.00"W
61°59'00.00"N 14°57'00.00"W
61°32'00.00"N 14°57'00.00"W
61°32'00.00"N 15°55'00.00"W

Viðauki II – Skil á upplýsingum til Umhverfisstofnunar:

- Tilkynna skal upphaf og lok framkvæmdar sbr. gr. 1.5.
- Gefa skal upp tengilið við eftirlitsaðila sbr. gr. 2.2.
- Skila skal viðbragðsáætlun byggða á áhættumati sbr. gr. 2.4.
- Skila skal staðfestingu á tryggingu sbr. gr. 2.7.
- Skila skal skýrslu um framkvæmdina sbr. gr. 4.2.

Fylgiskjal

Greinargerð vegna vinnslu starfsleyfis fyrir Advanced Marine Services Limited

Advanced Marine Services Limited, 6 Grosvenor Street, W1K 4PZ London England (fyrirsvar: LEX lögmannsstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík – Bragi Dór Hafþórsson hdl.) sótti um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar með umsókn, dags. 27. apríl 2017. Um er að ræða leit að verðmætum í flaki skipsins Minden, sem var þýskt gufuknúið fraktskip, sem sökk 24. júní 1939, þar sem klippa á gat á skipsflakið. Flakið liggar á 2240 metra dýpi á hafsbotni í 120 sjómílna fjarlægð suðaustur af Íslandi. Framkvæmd þessi sem getur haft í för með sér mengun er starfsleyfisskyld sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og er metin í 3. eftirlitsflokk sbr. reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Stofnunin telur, miðað við umfang og aðgerðir sem lýst er í umsókn, að framkvæmdin sé þó ekki líkleg til að hafa í för með sér mengun eða óafturkræf áhrif á umhverfið.

Áður en starfsleyfistillaga var fullmótuð sendi Umhverfisstofnun umsóknargögn ásamt mati á áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið og drögum að starfsleyfistillögu til Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Landhelgisgæslu Íslands, Utanríkisráðuneytis, Minjastofnunar Íslands, Hafrannsóknarstofnunar og Samgöngustofu, og óskaði eftir umsögn um umsóknina og drögin. Engar efnislegar athugasemdir bárust frá umsagnaraðilum eða mótbárur við útgáfu starfsleyfis fyrir framkvæmdina.

Umhverfisstofnun sendi erindi á Skipulagsstofnun varðandi það hvort framkvæmdin væri háð málsméðferð skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun taldi að framkvæmdin væri ekki háð slíkri málsméðferð, að framkvæmdin sem um ræðir falli ekki undir framkvæmdir (A,B,C) sem taldar eru upp í viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, og sé þess eðlis að ekki falli hún undir aðrar framkvæmdir sem eru háðar umhverfismati. Skipulagsstofnun komst einnig að sömu niðurstöðu.

Auglýsing um tillögu að starfsleyfi var auglýst opinberlega og með tryggum hætti á tímabilinu 14. ágúst 2017 til og með 15. september 2017. Auglýsing ásamt helstu gögnum hefur verið aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar frá 15. ágúst 2017. Auglýsing um starfsleyfistillöguna birtist í Lögbirtingarblaði 14. ágúst 2017 og í Fréttablaðinu 16. ágúst 2017. Þá var fjölmíðlaumfjöllun um málið í mörgum fjölmíðlum. Frestur til að gera athugasemdir til Umhverfisstofnunar var veittur til og með 15. september 2017.

Engar efnislegar athugasemdir voru gerðar við umsóknina. Eitt erindi barst frá þýska skipaféluginu Hapag-Lloyd þar sem óskað var eftir upplýsingum og lýst yfir að skipafélagið væri eigandi skipsflaksins sem um ræðir sem arftaki skipafélagsins Norddeutcher Lloyd. Umhverfisstofnun brást við erindinu og sendi féluginu upplýsingar um stöðu starfsleyfismálsins og óskaði einnig eftir því hvort félagið gerði athugasemdir eða hefði mótbárur við veitingu starfsleyfisins og veitti frest til og með 22. september 2017. Engar athugasemdir bárust frá féluginu.